

REGLUGERÐ

um takmörkun á veiðum íslenskra skipa úr norsk-íslenska vorgotssíldarstofninum.

1. gr.

Frá og með 2. júní 1995 til 1. janúar 1996 er íslenskum síldveiðiskipum heimilt að veiða samtals 49.000 lestir af síld úr norsk-íslenska vorgotssíldarstofninum.

Skipta skal heildarafla skv. 1. mgr. milli þeirra íslensku síldarskipa, sem landað hafa síld í maímánuði 1995, veiddri úr norsk-íslenska vorgotssíldarstofninum. Skal heildaraflamarkinu skipt milli einstakra skipa þannig, að 37% heildaraflans skal skipt miðað við burðargetu skipanna, þannig að miðað er við mesta síldarafla, sem landað hefur verið úr hverju síldarskipi í maí 1995 og 63% heildaraflans skal skipta jafnt milli skipanna.

Fiskistofa skal með skeyti tilkynna útgerðum síldarskipanna um leyfilegan síldarafla hvers skips samkvæmt 2. mgr.

2. gr.

Aðeins er síldarskipum, sem landað hafa síldarafla í maí 1995 og tilkynningu fá um leyfilegan síldarafla samkvæmt 3. mgr. 1. gr., heimilt að stunda veiðar úr norsk-íslenska vorgotssíldarstofninum eftir 2. júní 1995.

Ákvæði þessarar reglugerðar taka til allra veiða úr norsk-íslenska vorgotssíldarstofninum, hvort sem síldaraflinn er fenginn utan eða innan íslenskrar fiskveiðilögsögu.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og ákvæðum laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Um gjald vegna ólögmæts sjávarafla skal beita ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og ákvæðum laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. júní 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.